

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 14 í stjórn Herjólfss ohf. haldinn þriðjudaginn 5. febrúar 2019, kl. 15:30 (símafundur).

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarformaður(LB), Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG), Birna Þórsdóttir (BP) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ).

ABI, PG, BP og GEJ eru stödd á skrifstofu Hugins í Vestmannaeyjum. LB og GG eru staðsettir í Reykjavík.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Staðan á nýsmíði skipsins, kostnaðarskipting og samningur við Vegagerðina í tengslum við eftirlit með smíðinni, móttaka skipsins o.fl.

GG og GEJ upplýsa um stöðuna á nýsmíði skipsins GEJ fer yfir kostnaðarskiptingu og atriði sem þarf að semja um við Vegagerðina.

Rætt um móttöku skipsins. Lögð fram tillaga um að ABI og BP komi að skipulagningu móttökuathafnar fyrir hönd félagsins í samráði við ríkið og bæinn.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóma.

2. Ráðningarmál.

GEJ upplýsir um stöðu ráðningarmála.

3. Viðræður við Carus um uppfærslu og möguleg kaup á bókunarvél og appi.

GEJ upplýsir um samningaviðræður við Carus um uppfærslu og möguleg kaup á bókunarvél og eftir atvikum appi.

4. Húsnæðismál.

Húsnæðismál fyrir félagið rædd.

Lögð fram tillaga um að framkvæmdastjóra verði falið að ganga frá húsnæðismálum fyrir félagið.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóma.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:17

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.